

Tillaga um

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. <númer>

dags. [...]

varðandi breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2042/2003/EB um áframhaldandi flughæfi loftfara og tengdra vara, varahluta og búnaðar, og um samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði.

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum gr. 80(2),

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB,¹ einkum gr. 5(5),

Með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2042/2003/EB frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi flughæfi loftfara og tengdra vara, varahluta og búnaðar, og um samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði²,

þar sem:

- (1) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 er hrundið í framkvæmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun samtaka og starfsmanna sem hafa með þessi verkefni að gera, og einnig af reglugerð (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur um lofthæfi og umhverfisvottun loftfara og tengdra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar og framleiðslufyrirtækja³;
- (2) Reglugerð 2042/2003 kemur á fót leyfisveitingakerfi fyrir starfsfólk sem vinnur að vottun, sem skal vera hæft í samræmi við ákvæði viðauka III (hluta 66);
- (3) Þrátt fyrir að útgáfa viðhaldsleyfa fyrir loftför byggist á grunnþekkingu og reynslukröfum, inniheldur reglugerð 2042/2003 ekki reglur sem ákvarða rétta uppfærslu þekkingar og reynslu;
- (4) Setning tímatakmarka til að sýna fram á að þekkingar- og reynslukröfum ásamt tegundþjálfun loftfara/prófi sé fullnægt felur í sér öryggisumbót við mat á hæfni vottunarstarfsmanna sem eru viðriðnir viðhald loftfara;
- (5) Það er talið nauðsynlegt til að tryggja að þjálfun viðkomandi vottunarstarfsmanna sé uppfærð;
- (6) Með þetta til hliðsjónar telur Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd Stofnunin) nauðsynlegt að gera tillögu að breytingum á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003 til þess að tryggja að starfsfólk tengt viðhaldi á loftförum sýni fram á

¹ Stjórnartíðindi L 79, 19.03.2008, bls. 1

² Stjórnartíðindi L 315, 28.11.2003, bls. 1. Reglugerð sem síðast var breytt með reglugerð nr. 376/2007/EB (Stjórnartíðindi L 94, 4.4.2007, bls. 18)

³ OJ L 243, 27.09.03, bls. 6. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) 287/2008 (OJ L 87, 29.03.08, bls. 3).

viðunnandi uppfærslu á þekkingu og reynslu áður en það aflar sér leyfis eða ábekingur vegna tegundarþjálfunar á leyfi sitt;

- (7) Framkvæmdastjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu að breytingarnar, sem lagðar eru til af Stofnuninni, muni bæta kerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2042/2003;
- (8) Bandalags reglugerðir (EB) nr. 2042/2003 ættu þess vegna að vera breytt í samræmi;
- (9) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á skoðuninni gefna út af stofnuninni⁴ í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008;
- (10) Þær aðgerðir sem eru tilgreindar í þessari reglugerð eru í samræmi við álit⁵ nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem var stofnsett með gr. 65 reglugerðar (EB) nr. 216/2008/EB.

⁴ Álit nr. 05/2008

⁵ (Á eftir að gefa út)

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. grein

Viðauka III (lið-66) við reglugerð nr. 2042/2003/EB er breytt sem hér segir:

(1) Í staðinn fyrir lið 66.A.10 kemur eftirfarandi:

66.A.10 Umsókn

- (a) Umsókn um viðhaldsleyfi fyrir flugför eða breytingu á slíku leyfi skal leggja fram á EASA eyðublaði 19 með þeim hætti sem kveðið er á um af lögbæru stjórnvaldi og lagt fyrir það. Umsókn um breytingu á viðhaldsleyfi fyrir flugför skal vera lögð fram fyrir lögbæra stjórnvaldið sem gaf út viðhaldsleyfið fyrir flugför.
- (b) Allar umsóknir skulu studdar fylgiskjölum til að sýna fram á að viðeigandi kröfum um fræðilega þekkingu, praktíska þjálfun og reynslu hafi verið fullnægt þegar umsóknin er lögð fram.

(2) Í staðinn fyrir Lið 66.A.25 kemur eftirfarandi:

66.A.25 Grunnþekkingarkröfur

- (a) Umsækjandi um viðhaldsleyfi fyrir flugför eða viðbót flokks eða undirflokks við slíkt viðhaldsleyfi fyrir flugför skal gangast undir próf til að sýna fram á þekkingarstig á viðkomandi efniseiningum í samræmi við Viðauka I við þennan hluta. Þessi grunnþekkingarpróf skulu:
 - 1. haldin af þjálfunarstofnun sem hefur verið samþykkt á viðeigandi hátt undir Lið-147 eða af lögbæra yfirvaldinu, og
 - 2. standast skal grunnþekkingarprófin innan tíu ára áður en umsókn er lögð fram, nema ákvæði málsgreinar (c) eigi við.Grunnþekkingarpróf sem fullnægja ekki viðmiðunum í málsgrein (a)2 skulu vera metin með tilliti til prófviðurkenninga í samræmi við málsgrein (b).
- (b) Viðurkenningu að fullu eða hluta varðandi grunnþekkingarkröfurnar og próf sem tengist þeim skal gefa fyrir:
 - 1. alla aðra tæknilega hæfni sem lögbæra yfirvaldið telur jafngilda þekkingarstigi þessa hluta, og
 - 2. grunnþekkingarpróf sem fullnægja ekki þeim viðmiðunum sem skráð eru í málsgrein a(2).

Umsækjandinn verður að sækja formlega um prófviðurkenningar til lögbæra yfirvaldsins.

Prófviðurkenningar munu renna út tíu árum eftir að lögbæra yfirvaldið veitir þær umsækjanda, nema ákvæði málsgreinar (c) eigi við. Eftir gildislok má umsækjandinn sækja um nýjar prófviðurkenningar.

Allar prófviðurkenningar skal veita samkvæmt E parti B hluta þessa kafla.

- (c) Grunnþekkingarpróf og prófviðurkenningar sem eru áunnar/veittar í samræmi við Lið-66 fyrir **[dagsetning] (DAGSETNING GILDISTÖKU)** má nota við leyfisumsóknir fram til **[dagsetning] (TÍU ÁR EFTIR DAGSETNINGU GILDISTÖKU)**.

(3) Í lið 66.A.30 er bætt við eftirfarandi málsgreinum (f) og (g):

- (f) Þeirrar reynslu sem krafist er skal hafa verið aflað innan tíu ára fyrir umsóknina um viðhaldsleyfi flugfara eða viðbót flokks eða undirflokks við slíkt viðhaldsleyfi fyrir flugför.
- (g) Þrátt fyrir málsgrein (f) má nota reynslu sem aflað er fyrir **[dagsetning] (DAGSETNING GILDISTÖKU)** við leyfisumsókn fram til **[dagsetning] (TÍU ÁR EFTIR DAGSETNINGU GILDISTÖKU)**.

(4) Í stað málsgreinar (d) í lið 66.A.45 kemur eftirfarandi:

- (d) Samþykkt tegundþjálfun í flokki B1 og B2 skal innifela fræðilega og praktíska þjálfun og samanstanda af viðeigandi námskeiðum fyrir réttindi samkvæmt 66.A.20(a). Fræðileg og praktísk þjálfun skal fara eftir III Viðauka við þennan hluta og byrja og vera lokið innan þriggja ára fyrir umsóknina um ábekinguna viðhaldsleyfisins vegna tegundþjálfunar.

(5) Í lið 66.A.45 er bætt við eftirfarandi málsgrein (i):

- (i) Þrátt fyrir málsgrein (d) má nota fræðilega og praktíska þjálfun sem aflað er í samræmi við Lið-66 fyrir **[dagsetning] (DAGSETNING GILDISTÖKU)** við leyfisumsókn fram til **[dagsetning] (PRJÚ ÁR EFTIR DAGSETNINGU GILDISTÖKU)**.

(6) Í stað málsgreinar (d) í lið 66.B.20 kemur eftirfarandi:

- (d) Skýrslur sem vísað er til í málsgrein (b), 6., 7., og 8. skulu varðveittar um ótakmarkaðan tíma.

(7) Í lið 66.B.20 er málsgrein (e) felld burt.

(8) Í stað málsgreinar (d) í lið 66.B0,200 kemur eftirfarandi:

- (d) Tegundþjálfunarpróf og tegundapróf verða að fara eftir þeim staðli sem er tilgreindur í Viðauka III við þennan hluta.

(9) Í staðinn fyrir lið 66.B.405 kemur eftirfarandi:

66.B.405 Skýrsla um prófviðurkenningu

- (a) Samanburð skal gera á þeim einingum, hluta af einingum, viðfangsefnum og þekkingarstigum sem Viðauki I við þennan hluta inniheldur og námsskrána fyrir viðkomandi tæknilegu hæfni sem skiptir máli fyrir þann flokk sem sóst er eftir. Þessi samanburður skal innihalda réttlætningar á öllum teknum ákvörðunum og skal vera skjalfestur, dagsettur og skráður.
- (b) Innifalið í skýrslunni skal vera fylgniýfirlýsing fyrir hverja einingu og hluta af einingu, sem styðst við samanburðarskjalið, og skilgreinir hvar í tæknilegu hæfninni samsvarandi staðal er að finna. Ef enginn jafngildur staðal fyrir viðkomandi einingu eða hluta af einingu er til staðar, skal lýsa yfir slíkum staðreyndum og engin viðurkenning skal vera gefin.

- (c) Lögbæra yfirvaldið skal kanna með reglulegum hætti hvort landshæfnistaðallinn eða liður 66 af Viðauka I hafi breyst og breytinga á prófviðurkenningaskýrslunni sé þörf.. Slíkur samanburður skal vera skjalfestur, dagsettur og skráður.

(10) Bætt er við eftirfarandi lið 66.B.410 er bætt við hluta B, undirhluta E:

66.B.410 Gildi prófviðurkenningar

- (a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa umsækjandanum skriflega staðfestingu á öllum viðurkenningum sem eru veittar.
- (b) Prófviðurkenningar munu renna út tíu árum eftir veitingu þeirra til umsækjandans, nema ákvæði málsgreinar 66.A.25(c) eigi við.
- (c) Eftir gildislok prófviðurkenninga samkvæmt málsgrein (b) getur umsækjandinn sótt um nýjar prófviðurkenningar. Ef engar breytingar hafa orðið á námsskrá í lið-66 í Viðauka I skal lögbæra yfirvaldið setja nýjan tíu ára gildistíma á þessar viðurkenningar án frekari athugunar. Ef liður-66 í Viðauka I hefur breyst munu viðeigandi breytingar vera gerðar á nýju viðurkenningunum.

(11) Í Viðauka II „Grunnprófsstaðall“ kemur eftirfarandi í stað liða 1.11 og 1.12:

- 1.11 Ekki má endurtaka einingarpróf sem hefur mistekist í að minnsta kosti 90 daga eftir dagsetningu viðkomandi einingarprófs, nema ef um er að ræða viðhaldspjálfunarstofnun sem er samþykkt undir lið-147 og heldur endurþjálfunarnámskeið sniðið fyrir viðfangsefni viðkomandi eininga, en þá má endurtaka einingarprófið eftir 30 daga.
- 1.12 Tímabilin sem tilgreind eru í 66.A.25 skulu eiga við öll einstök einingapróf, að undanskildum þeim einingaprófum sem voru tekin í sambandi við leyfi í öðrum flokki sem hefur þegar verið gefið út.

(12) Í Viðauka II „Grunnprófsstaðall“ er bætt við eftirfarandi lið 1.13:

- 1.13 Hámarksfjöldi samfelldra tilrauna fyrir hverja einingu er þrjár. Viðbótarsett þriggja tilrauna eru leyfð með eins árs biðtíma milli viðbótarsetta.
Umsækjandinn skal staðfesta skriflega til stofnunarinnar sem hefur verið samþykkt samkvæmt ákvæðum Liðs—147 eða til lögbæra stjórnvaldsins, sem veitir leyfi til prófs, fjölda og dagsetningar tilrauna á undangengnu ári og stofnunina undir lið-147 eða lögbæra stjórnvaldið þar sem þessar tilraunir voru gerðar. Stofnunin sem hefur verið samþykkt samkvæmt ákvæðum liðs-147 eða lögbæra stjórnvaldið ber ábyrgð á því að staðfesta fjölda tilrauna innan viðkomandi tímaramma.

(13) Í Viðauka III „Tegundþjálfun og prófstaðall“ kemur eftirfarandi í staðinn fyrir lið 4:

4. Tegundaprófstaðall

Þegar tegundþjálfunar er ekki krafist verður prófið að vera munnlegt, skriflegt eða byggt á praktísku mati, eða á samsetningu fyrrgreindra þátta.

Spurningar á munnlegu prófi verða að vera beinar.

Spurningar á skriflegu prófi verða að vera í formi ritgerðar eða krossaspurninga.

Praktískt mat verður að skera úr um hæfni einstaklings til að vinna verk.

Prófverkefni verða að snúast um úrtak viðfangsefna tekið úr þjálfunar/próf námmsskrá af þeirri gerð sem sett er fram í málsgrein 2 fyrir viðkomandi stig.

Prófið verður að tryggja að eftirfarandi markmiðum sé náð:

- (a) Ræða til hlítar og af öryggi um flugfarið og kerfi þess.
- (b) Tryggja trausta framkvæmd viðhalds, eftirlits og venjulegra starfa í samræmi við viðhaldshandbókina og aðrar viðeigandi leiðbeiningar og verkefni eins og á við um flugfarstegundina, til dæmis bilanaleit, viðgerðir, stillingar, endurnýjun, útbúnað og könnun á starfshæfi eins og hreyfilsgang o.s.frv. ef þess er þörf.
- (c) Rétt notkun á öllu tæknilegu lesefni og gögnum varðandi flugfarið.
- (d) Rétt notkun á sérfræðilegum/sérstökum tækja- og prófunarbúnaði, rétt framkvæmd á endurnýjun sérhannaðra hluta og eininga fyrir tegundina, þar með talin öll viðhaldsstarfssemi á vængjum.

Eftirfarandi skilyrði gilda fyrir prófið:

- (e) Hámark samfelldra tilrauna er þrjár. Viðbótarsett þriggja tilrauna eru leyfð með eins árs biðtíma milli viðbótarsetta. Krafist er 30 daga biðtíma eftir fyrstu misheppnuðu tilraunina innan ákveðins setts, og 60 daga biðtíma er krafist eftir aðra misheppnuðu tilraunina.

Umsækjandinn skal staðfesta skriflega til stofnunarinnar sem hefur verið samþykkt samkvæmt ákvæðum liðs-147 eða til lögbæra stjórnvaldsins, sem fjallar um prófumsókn hans, fjölda og dagsetningar tilrauna á undangengnu ári og stofnunina undir lið-147 eða lögbæra stjórnvaldið þar sem þessar tilraunir voru gerðar. Stofnunin sem hefur verið samþykkt samkvæmt ákvæðum liðs-147 eða lögbæra stjórnvaldið ber ábyrgð á því að staðfesta fjölda tilrauna innan viðkomandi tímaramma.

- (f) Standast verður tegundaprófið og afla tilskyldrar praktískrar reynslu innan þriggja ára fyrir umsókn um ábekingunni viðhaldsleyfisins vegna tegundapjálfunar.
- (g) Þrátt fyrir málsgrein (f) má nota tegundapróf og praktíska þjálfun sem aflað er í samræmi við Lið-66 fyrir **[dagsetning] (DAGSETNING GILDISTÖKU)** við leyfisumsókn fram til **[dagsetning] (ÞRJÚ ÁR EFTIR DAGSETNINGU GILDISTÖKU)**.
- (h) Tegundapróf skal haldið í viðurvist að minnsta kosti eins prófdómara. Prófdómarnir/prófdómarnir skal/skulu ekki hafa verið viðriðir þjálfun umsækjandans.

Prófdómarnir/prófdómarnir verða að gera skriflega og undirritaða skýrslu um hvers vegna próftakinn hefur náð eða fallið á prófinu.

2. grein

Viðauki III (liður-147) við reglugerð nr. 2042/2003/EB er breytt sem hér segir:

- (14) Í staðinn fyrir lið 147.A.25 kemur eftirfarandi:

147.A.125 Skýrslur

Stofnunin skal geyma allar þjálfunar-, próf- og matsskýrslur fyrir nemendur í að minnsta kosti tíu ár eftir lok námskeiða einstakara nemanda.

- (15) Í Viðauka III kemur eftirfarandi í staðinn fyrir Viðurkenningarvottorð fyrir grunnþjálfunarnámsskeið eða grunnpróf í síðasta textarammanum:

TILGREINIÐ GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSSKEIÐ eða GRUNNPRÓF (SKRÁIÐ Í BÁÐUM TILFELLUM ÖLL EINSTÖK EININGAPRÓF EFTIR DAGSETNINGU SEM PRÓFI ER NÁÐ)

Í Viðauka III kemur eftirfarandi í staðinn fyrir Viðurkenningarvottorð fyrir grunnþjálfunarnámskeið eða grunnpróf í síðasta textarammanum:

TILGREINIÐ FLUGFARSTEGUNDANÁMSSKEIÐ (UPPHAFS- OG LOKADAGSETNINGU ÞEIRRAR
ÞJÁLFUNAR SEM NEMANDI HEFUR LOKIÐ)

eða FLUGFARSTEGUNDARPRÓF (DAGSETNING SEM PRÓFI ER NÁÐ)

TILGREINIÐ HVORT ÞJÁLFUNIN NÁÐI EINUNGIS YFIR FRÆÐILEGA ÞÆTTI Í LIÐ-147 EÐA
FRÆÐILEGA OG PRAKTÍSKA ÞÆTTI

3. grein

Reglugerð þessi skal ganga í gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Meðlimur framkvæmdastjórnarinnar